

Menningar- og viðskiptaráðuneytið,
Sölvhólgötu 7,
101 Reykjavík.

Umsögn skilað á samráðsgátt

Reykjavík, 5. desember 2022

Varðar mál nr. 227/2022: Drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um endurskoðendur og endurskoðun og lögum um ársreikninga (endurskoðunarnefndir, siðareglur endurskoðenda o.fl.)

Kerecis hf., kt. 651007-0620, Eyrargötu 2, Ísafirði, hefur kynnt sér ofangreint frumvarp sem lagt hefur verið fram í Samráðsgátt stjórnvalda. Hefur félagið verulegar athugasemdir við eitt tiltekið atriði frumvarpsins og fara þær hér á eftir.

Þannig er í frumvarpinu lögð til breyting á lögum um ársreikninga sem ætlað er að tryggja að upplýst sé um hluthafa hlutafélaga og einkahlutafélaga í ársreikningi viðkomandi félags, og að heimild sé að birta þær upplýsingar á opinberum vef ársreikningaskrár.

Kemur breytingin til þar sem ársreikningaskrá hóf að birta hluthafalista opinberlega í kjölfar breytingu á lögum um ársreikninga nr. 102/2020. Með ákvörðun Persónuverndar hinn 15. júní 2021 var staðfest að birtingin bryti í bága við lög um persónuvernd.

Ætla verður að nýfallinn dómur Evrópudómstólsins taki þessar fyrirætlanir óhjákvæmilega til gagngerrar endurskoðunar.

Þannig féll þann 22. nóvember sl. dómur Evrópudómstólsins í máli nr. C-37/20. Í málinu var á því byggt að opinber birting upplýsinga um raunverulega eigendur, sem tíðkast hefur í öllum ríkjum Evrópusambandsins frá innleiðingu peningapvættistilskipunar sambandsins, bryti í bága við rétt einstaklinga til friðhelgis einkalífs og vernd persónuupplýsinga, sem leiddi af mannréttindaskrá sambandsins. Í kjölfar dómsins hafa ríki sambandsins þegar hafið að taka slíkar upplýsingar úr opinberri birtingu.

Ætla verður að sömu rök eigi við um birtingu hluthafalista hér á landi. Þannig brjóti birtingin í bága við réttinn til friðhelgis einkalífs, sem verndaður er með 71. gr. stjórnarskrárinnar.

Um tilgang hinna fyrirhuguðu breytinga á íslenskum lögum segir það eitt í frumvarpinu að:

„Með breytingu á lögum um ársreikninga nr. 102/2020 var m.a. gerð sú breyting að ársreikningaskrá var gert að birta skilaskyld gögn á opinberu vefsvæði. Eins og fram kemur í greinargerð með því frumvarpi mælir ákvæðið fyrir um gjaldfrjálsan aðgang almennings að ársreikningum alla félaga á opinberu vefsvæði. Með ákvæðinu var verið að opna á

greiðan aðgang almennings að ársreikningum félaga sem eykur gagnsæi, aðhald með rekstri félaga og stuðlar að upplýstri umræðu og eflir traust almennings á viðskiptlífinu hér á landi. Þetta á einnig við um birtingu á hluthafalistum." (leturbr. hér).

Kerecis bendir á að félög með takmarkaða ábyrgð hafa verið starfandi hér á landi í yfir eina öld. Aldrei, allan þann tíma, hafa hluthafalistar verið birtir opinberlega. Verður að mati félagsins ekki gerð sú grundvallarbreyting á félagarétti hér á landi sem af frumvarpinu leiðir, með einnar línu rökstuðningi.

Kerecis bendir jafnframt á að Persónuvernd hefur áður talið að birting slíkra lista feli í sér brot á lögum um persónuvernd. Er afar mikilvægt að löggjafinn setji ekki lög og reglur af tilefnislausu sem fela í sér inn grip í persónuvernd einstaklinga. Er í öllu falli mikilvægt að þar sé gætt sjónarmiða um meðalhóf og hin ríka nauðsyn skýrð og rökstudd ítarlega. Svo er ekki um að ræða í frumvarpinu.

Ástæða þess að Kerecis lætur sig málið varða er að félagið, sem er nýsköpunarfyrirtæki, telur breytinguna geta orðið verulega skaðlega nýsköpunarfyrirtækjum. Þannig hefur það verulega þýðingu fyrir starfsemi nýsköpunarfyrirtækja að eiga þess kost að fá fjölda smárra hluthafa til að styðja við félagið. Er t.a.m. mikilvægt fyrir nýsköðunarfyrirtæki að geta nýtt hlutafé sem endurgjald til starfsmanna og eftir atvikum annarra sem vinna fyrir hönd félagsins, án þess að þeir eigi á hættu að það verði gert opinbert almenningi.

Að mati félagsins er enginn eðlismunur á hlutafé og öðrum eignum einstaklinga. Þannig er enginn eðlismunur á fyrirhugaðri birtingu hlutafjáreignar annars vegar, og birtingu upplýsinga um bankainnstæður eða lífeyriseignir landsmanna hins vegar. Stendur það e.t.v. jafnframt til í þágu gagnsæis?

Það er rétt að halda því til haga að félagið gerir engar athugasemdir við þá núverandi framkvæmd að ráðandi hluthafar séu birtir opinberlega í nafni gagnsæis en það er allt of langt gengið að birta nöfn allra hluthafa.

Um er að ræða uppljóstranir um einkahagi, sem breytir yfir aldalangri framkvæmd án sjáanlegs tilefnis, sér í lagi í tilviki smærri hluthafa. Breytingin hefur letjandi áhrif á bæði aðkomu einkaaðila að fjármögnun nýsköpunarfyrirtækja og þátttöku almennings á fjármálamarkaði, og er þannig í andstöðu við þau yfirlýstu markmið stjórnvalda að hvetja til hvoru tveggja.

Að mati Kerecis er því nauðsynlegt að draga frumvarpið til baka, eða í öllu falli takmarka það við ákveðin stærðarmörk hlutafjáreignar.

Virðingarfyllt,
f.h. Kerecis hf.



Guðmundur Fertram Sigurjónsson,
forstjóri

Kerecis_Umsögn um birtingu hluthafaupplýsinga

Final Audit Report

2022-12-05

Created:	2022-12-05
By:	Helgi Josepsson (hmj@kerecis.com)
Status:	Signed
Transaction ID:	CBJCHBCAABAA2-gwIWdWE-QnOe7pOxknRslXS7LIJkO3

"Kerecis_Umsögn um birtingu hluthafaupplýsinga" History

-  Document created by Helgi Josepsson (hmj@kerecis.com)
2022-12-05 - 9:18:12 AM GMT
-  Document emailed to Fertram Sigurjonsson (gfs@kerecis.com) for signature
2022-12-05 - 9:18:45 AM GMT
-  Email viewed by Fertram Sigurjonsson (gfs@kerecis.com)
2022-12-05 - 9:25:51 AM GMT
-  Document e-signed by Fertram Sigurjonsson (gfs@kerecis.com)
Signature Date: 2022-12-05 - 9:26:07 AM GMT - Time Source: server
-  Agreement completed.
2022-12-05 - 9:26:07 AM GMT